

Náttúrustofa Norðurlands vestra
Aðalgata 2
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, mánudagur, 14. ágúst 2023
UST202308-073/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til rannsókna á innan friðlýsta svæðisins Miklavatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofu Norðurlands vestra, dagsett, 11. ágúst 2023, um leyfi til rannsókna innan Miklavatns.

Miklavatn er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsingu nr. 29/1977](#). Ekki má nota vélknúin tæki í friðlandinu nema í sambandi við hefðbundna nýtingu þess (beit, heyskap, veiði). Hraðbátar eru bannaðir á vötnunum. Varast ber að skerða gróður eða valda truflunum á dýralífi. Umhverfisstofnun getr veitt undanþágur frá ákvæðum friðlýsingar ef brýn ásætða þykir til.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til merkinga á álfum á Miklavatni dagana 14.-16. ágúst 2023. Við merkingarnar verur notast við bát með litlum utanborðsmótor og koma 4 starfsmenn að verkefninu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrifa á verndargildi og náttúrufar svæðisins til lengri tíma litið. Dýralíf getur orðið fyrir truflunum rétt á meðan merkingar fara fram en umsækjandi tekur fram að reynt verði að lágmarka sem mest truflanirnar en þeir sem koma að verkefninu hafa áralanga reynslu af merkingum álfta.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrustofu Norðurlands vestra fyrir sitt leyti leyfi fyrir merkingum álfta á Miklavatni sbr. lýsingu hér að ofan 14.-16. ágúst 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

Kristín Ósk Jónasdóttir
teymisstjóri

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur